

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 18. apríl 2000.*

F. h. r.  
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 233, 6. apríl 2000,  
um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum 2000.**

### 1. gr.

Í stað 2. mgr. 8. gr. komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Heimilt er að landa óvígtaðri síld um borð í vinnsluskip enda tilkynni skipstjóri veiðiskips Fiskistofu fyrirfram hvaða vinnsluskip taki aflann og áætlað löndunarmagn. Strax að lokinni löndun síldarinnar um borð í vinnsluskip, skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar. Þá er og heimilt að miðla afla úr nót til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri niður.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, löndun og vigtun á síld.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. maí 2000.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**fyrir Hitaveitu Drangness.**

### I. KAFLI Rekstrarform.

#### 1. gr.

Hitaveita Drangness er sjálfstætt fyrirtæki, sem Kaldrananeshreppur á og starfrækir.

#### 2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.